

Ed.

361. Breytingartillögur

[3. mál]

við frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá Ragnari Arnalds og Steingrími Hermannssyni.

1. Við 11. gr. 3. mgr. falli niður.
2. Við 15. gr.

a. Við 5. mgr. bætist:

Skal í áætlun þessari miða við þær kröfur (norm), sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, sem áætlunin er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

b. 6. mgr. falli niður.